



Síðuskóli og Háteigsskóli sigurvegarar



Á vel heppnuðu málþingi SAFT á alþjóðlega netöryggisdaginn fengu nemendur Síðuskóla og Háteigsskóla verðlaun fyrir sitt framlag í nemendasamkeppninni **Þú ert það sem þú gerir á netinu**.

Báðir skólar fengu í verðlaun stafræna myndbandstökuvél auk bíómiða fyrir alla þátttakendur. Nemendur úr 8. bekk Háteigsskóla fengu verðlaun fyrir stuttmynd um einelti á netinu. Nemendur Síðuskóla á Akureyri sendu inn fjölmörg einstaklingsverkefni. Þar koma fram skoðanir nemenda og sérstaklega áhugaverð sýn og túlkun á netorðunum fimm. Markmið samkeppninnar var að fá nemendur til þess að velta fyrir sér málefnum sem snúa að öruggri og jákvæðri notkun Netsins og annarra nýmiðla og framleiða efni sem nýta mætti til jafningjafræðslu. Fram kom á málþinginu að á næstu vikum muni SAFT útbúa jafningjafræðsluefni og í samstarfi við Vodafone fara í fyrirlestraferð í kringum landið. Sjá nánari umfjöllun um málþingið hér:

Dagur leikskólans

6. febrúar var haldinn hátíðlegur dagur leikskólans. Með því að tileinka leikskólanum ákveðinn dag er ætlunin er sá að vekja athygli á jákvæðan hátt á því góða starfi sem þar er unnið.

Í tilefni dagsins var ýmislegt gert í leikskólum á landsvísu. Leikskólinn Tröllaborgir á Akureyri gaf t.d. út bækling með skemmtilegum svörum barna við spurningum um lífsleikni. Menntamálaráðuneytið gaf einnig út bækling sem hægt er að nálgast hér.



Í leikskólanum stíga börnin sín fyrstu skref í skólakerfinu. Mikilvægi hans í lífi barnanna

okkar er ótvírætt. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldinu. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar eru í auknu mæli orðnir meðvitaðir um að í leikskólanum er fagfólk sem hægt er að leita til.

Það er mat aðstandenda þessa verkefnis að vel hafi tekist til og að dagurinn hafi skilað tilætluðum árangri. Ákveðið hefur verið að 6. febrúar verði dagur leikskólans ár hvert hér eftir.

Aðstandendur eru:
Félag leikskólakennara
Menntamálaráðuneytið
Samband íslenskra sveitarfélaga
Heimili og skóli

Íslandsmet í mætingu?

Segja má að slegið hafi verið Íslandsmet í mætingu á foreldrafundi í Árborg því á þriðjahundrað manns mættu á fundinn. Helga Margrét, verkefnastjóri Heimilis og skóla hélt erindi um hvernig foreldrar geta aukið virkni sína í skólastarfinu og hvernig þeir geti stutt við börnin sín í námi.

Einnig kom fram að foreldrar í Árborg hafa stofnað svæðisráð FFÁ sem er samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga grunnskóla sveitarfélagsins.

Áform eru um að fá foreldrafélög leikskólanna með í slíkt samstarf sem er algjörlega til fyrirmyndar.



Foreldraverðlaunin 2008

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt 13. sinn 15. maí 2008. Tilgangurinn með þessari verðlaunaafhendingu er að vekja jákvæða eftirtekt á grunnskólanum og því gróskumikla starfi sem þar fer fram og stuðlar að öflugra samstarfi heimila og skóla, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Við munum fljótlega opna fyrir tilnefningar. Því hvetjum við fólk til að hafa augun opin fyrir vel unnum störfum eða áhugaverðum verkefnum tengdum grunnskólanum í sínum sveitarfélögum.